

Fundargerð

Priðjudaginn 8. mars 2022 kl. 10:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundur með fulltrúum Sveitarfélagsins Árborgar í ráðhúsi Árborgar.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar voru Helgi S. Haraldsson forseti bæjarstjórnar, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri og Atli Marel Vokes sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs.

1. Sveitarfélagið Árborg

EFS óskaði eftir fundi með fulltrúum Sveitarfélagsins Árborgar til að fara yfir fjárhagsáætlun 2022-2025 ásamt því að fjalla um yfirsýn yfir heildarmyndinni og framtíðarsýn í fjármálum sveitarfélagsins. Fyrir fundinn óskaði nefndin eftir skýringum á ákveðnum þáttum í fjárhagsáætlunin.

Mikil íbúafjölgun hefur verið í Árborg á síðustu árum og samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram. Fram kom í máli fulltrú Árborgar að helsta áskorun í áætlunargerðinni er að spá fyrir um útgjaldaþróun miðað við vaxandi íbúafjölda. Ákveðið var að leita til Talnakönnunar til að meta íbúaðróun næstu ára í staða þess að miða við gögn sambandsins. Gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um 40% á tímabilinu 2022-2025.

Spá um tekjuaukningu vegna fjölgunar er mun nákvæmari en spár um útgjaldaaukningu vegna fjölgunar. Stefnt er að því að bæta áætlunarlíkan til að ná betri árangri í spá fyrir spáð fyrir um útgjaldaaukningu með nákvæmara hætti. Meta þarf og greina betur rekstrarkostnað vegna fjárfestinga sem tengjast leik- og grunnskólum.

Ágætlega hefur gengið að fjármagna ný lán sem kemur annars vegar frá Lánasjóði sveitarfélaga og hins vegar hefur sveitarfélagið haldið skuldabréfaútboð og fengið góð kjör. Stefnt er að frekari skuldabréfaútgáfu á næstu mánuðum.

Gert er ráð fyrir halla í útkomuspá 2021 og ráðast þarf í hagræðingaraðgerðir ef ekki á að auka álögur á íbúa. Eru að endurskoða úthlutunarlíkan varðandi leik- og grunnskóla sem væntingar eru um að skila sparnaði án þess þó að það bitni á gæðum þjónustunnar. Einnig á að ráða inn innkaupastjóra til að hafa betri yfirsýn yfir innkaup sveitarfélagsins.

EFS lagði áherslu á að bæta áætlunargerð og þá sérstaklega varðandi útgjöld. Greina þarf betur áhrifin íbúafjölgunar á útgjaldaþróun. Jafnframt að samflétta betur markmiðasetningu í fjármálaáætlun.

2. Önnur mál

Enginn önnur mál
Næsti fundur nefndarinnar 18. mars nk.